

Sjúkrahússvæðið

Aðstaðan á sjúkrahúsinu í Lundi er rosalega góð. Á sjúkrahússvæðinu er hægt að nálgast flest allt sem þarf án þess að leita langt. Á síðu 2 er kort af svæðinu þar sem merkt er við helstu staði.



Inni á sjúkrahúsinu

Aðalbyggingin (Central Blocket, [F] á korti)

Þegar gengið er inn um **aðalinngang** sjúkrahússins (*Central Blocket*) blasir við manni **upplýsingaborð**. Þar er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um spítalann og nágrenni hans. Verðirnir þar hringja fyrir ykkur á **leigubíl** ef ætlunin er að skreppa eitthvert – öðruvísi en gangandi eða með strætó.

Hraðbanki og **hárgreiðslustofa** eru við aðalinnganginn.

Veitingastofan Bistron er við aðalinnganginn.

Verslunin Pressbyrån, sem er við aðalinnganginn, svipar til 10-11 hér heima, þar er hægt að grípa upp allt mögulegt en ef tækifæri gefst til þá má nálgast ódýrari verslanir skammt frá spítalanum. Þar er hægt að kaupa **strætókort** sem og **sænskt farsímanúmer**.

Barnasjúkrahúsið ([A] á korti)

Þegar komið er í byggingu barnasviðsins tekur við skemmtilegt svæði þar sem hægt er að setjast niður, spjalla, skoða bækur og líta í kringum sig.

Affpreying. Þar eru meðal annars **borðtennisborð** (spaðar eru á leikstofu) og **píanó** fyrir músíkalska.

Leikstofa (*Lekterapi*) og **skólastofa** eru inn af opna svæðinu. Leikstofan er rosalega flott og búin öllu því helsta, meðal annars kaffi og þægilegum sófa fyrir þreytta foreldra. Þaðan er gengið út á frábæran, lokaðan **leikvöll**.

Starfsfólk er ávallt til staðar þegar leikstofan er opin, og er aðstaðan fyrir börn af öllum deildum og systkinum þeirra. Munið að **ráðfæra** ykkur við ykkar starfsfólk á *Avdelling 67* ef þið viljið fara í leikstofuna.

Nærumhverfið

Veitingar

Veitingasalan **Pastellen** er við **Lasarett gatan** (er staðsett við endann á barnaálm- unni) en þar má fá ekta heimilismat á sanngjörnu verði sem hægt er að borða á staðnum eða taka með (<http://gastrogate.com/restaurang/pastellen/>). Sjá **[G]** á korti.

Við Kiosk gatan (gatan sem *Ronald McDonald hus* **[C]** er við) er austurlenskur veitingastaður en athugið að þar er ekki tekið við kortum og betra að vera með reiðufé.



Sjúkrahóтелиð [D]

Á sjúkrahótelinu er hægt að panta hádegismat og er hægt að gera það í gegnum barnahjartadeildina og fá matinn þangað, en panta þarf með sólahrings fyrirvara.

Apótek

Gott apótek er á **Entregatan 5** en það er í sama húsi og sjúkrahóтелиð [D].

Portvakten [E]

Er við **Entregatan**, hinu megin við sjúkrahóтелиð og apótekið. Þarna er öryggisgæsla svæðisins og opið allan sólarhringinn. Séuð þið með barn á brjósti eru mjaltavélar sóttar þangað, sjá nánar bækling 2.

Ronald McDonald (RMD) húsið [C]

Er við **Kioskagatan 1**, þar sem þið munuð dvelja, í nokkurra mínútna göngufjarlægð frá sjúkrahúsinu. Á **fræðsluvef** Neistans (hjartagattin.neistinn.is) er fjallað um RMD.

Strætó

Best er að taka strætó fyrir framan sjúkrahóтелиð [D] því flestar leiðir stoppa þar. Maður þarf sérstök **strætókort**, sem fást í **Pressbyráð**. Hvorki er tekið við peningum né greiðslukortum. Nánar er fjallað um samgöngur í bæklingi 9, *Affþreyning í Lundi*.

Kort á vefnum

Á **heimasíðu sjúkrahússins** er að finna aðgengileg og **góð kort** sem við mælum með.

Þau er t.d. hægt að nálgast á vefnum **www.skane.se/barnhjärtcentrum**

Þar er valið **karta** hægra megin á síðu.

Á dæminu hér á myndinni hefur kortið verið opnað og smellið á ...

Övrig verksamhet (annað)
...og síðan á ...

Mat- og kaffeservering (matar- og kaffiveitingar)

